



STÆ3C05 – Stærðfræðigreining

Námsáætlun, vorönn 2020

Kennari/kennarar:

Sigfríður Guðný Theódórsdóttir

Netfang/netföng:

siffa@bhs.is

Lýsing:

Í áfanganum eru ýmis atriði eldra námsefnis notuð við lausnir á verkefnum. Auk þess er bætt við ýmsu nýju efni og má þar nefna tvinntölur, fleiri gerðir deildajafna og frekari hagnýtingu heildareiknings.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á tvinntölum, deildajöfnum af fyrsta og öðru stigi flóknari heildunar- og deildunarverkefnum, breiðbogaföllum, rúmmáli og yfirborðsflatarmáli snúða og bogalengd ferla. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að vinna með tvinntölur, leysa flóknari heildunar og deildunar verkefni, oginna rúmmál og yfirborðs flatarmál snúða.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að takast af öryggi á við stærðfræðileg verkefni, lesa stærðfræðitexta með skilningi, geta skráð lausnir sínar skýrt og skilmerkilega, skipst á skoðunum við aðra um þær og útskýrt á viðeigandi hátt, átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu hugmynda og velja aðferð við hæfi, hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu sína til ákvarðanatöku í sérhæfðum verkefnum, fylgja og skilja röksemdafærslur í mæltu máli og í texta og gera sér grein fyrir notkun mótdæma til að afsanna fullyrðingar.

Námsmat:

Lögð verða fyrir átta verkefni sem unnin verða í kennslustundum. Fjögur þeirra verða paraverkefni en fjögur einstaklingsverkefni. Verkefni verða lögð fyrir á **þriðjudögum** í vikum tilgreindum á áætlun. Paraverkefni gilda 30% af lokaeinkunn, einstaklingsverkefni 60% og ástandun 10%. Til að standast áfangann þarf að lágmarki að fá einkunnina 5 í lokaeinkunn en auk þess þarf meðaleinkunn einstaklingsverkefna að vera að lágmarki 4,5.

Námsgögn:

STÆ 603 eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán G. Jónsson.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
2	7.-10. janúar	Pólhnit	
3	13.-17. janúar	Tvinntalnaverfið	Paraverkefni 1
4	20.-24. janúar	Tvinntalnaverfið	
5	27.-31. janúar	Tvinntalnaverfið	Einstaklingsverkefni 1
6	3.-7. febrúar	Tvinntalnaverfið	
7	10.-14. febrúar	Varða og skóhlífadagar	Varða 1 Skóhlífadagar
8	17.-21. febrúar	Diffurjöfnur af öðru stigi	Paraverkefni 2
9	24.-28. febrúar	Diffurjöfnur af öðru stigi	
10	3. - 6. mars	Diffurjöfnur af öðru stigi	Vorannarhlé
11	9.-13. mars	Diffurjöfnur af öðru stigi	Einstaklingsverkefni 2
12	16.-20. mars	Diffurjöfnur af öðru stigi	Paraverkefni 3
13	23.-27. mars	Breiðbogaföll	Varða 2
14	30.mar.-3. apríl	Breiðbogaföll	Einstaklingsverkefni 3
15	6.-10. apríl	Páskaleyfi	
16	15.-17. apríl	Páskaleyfi / Breiðbogaföll	
17	20.-24. apríl	Breiðbogaföll	Paraverkefni 4 Sumardagurinn fyrsti
18	27.-30. apríl	Rúmmál – bogalengd – yfirborðsmál	
19	4.-8. maí	Rúmmál – bogalengd – yfirborðsmál	Einstaklingsverkefni 4
20	11.-13. maí	Einkunnaskil	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.